



Fundargerð 7. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom, þriðjudaginn 18. apríl kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson, Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fjarverandi:

AS ritaði fundargerð.

1. Starfsmaður fyrir AKÍS - staða umsókna

Alls bárust fimmtán umsóknir innan auglýsts frests. JBJ, SIS, LDJ og HRR höfðu farið yfir allar umsóknir og virðast fjórar þeirra álitlegastar.

Ákveðið að viðtöl yrðu tekin við þessa fjóra aðila. TMP, SIS, HH og HRR munu taka viðtölin á næstu dögum og er stefnt á að tillaga frá þeim liggi fyrir innan viku.

2. Esport Olympic Series 2023

Í ljós hefur komið að Sony/Polyphony Digital gat ekki staðið við samninga þá sem gerðir höfðu verið milli þeirra og FIA. Þessi vandamál eiga þó aðeins við um þau 78 lönd sem ekki eru með höfundarréttta samninga við S/PD, þar á meðal Ísland. Nú er staðan sú að S/PD hyggst bjóða og greiða fyrir þátttöku allra keppenda frá löndunum 78 í Singapore seinnipartinn í júní.

Í ljósi breyttra aðstæðna þarf að ákveða með hvaða hætti fulltrúi Íslands verður valinn. Ákveðið að TMP muni skoða hvort að nýkrýndur Íslandsmeistari í hermikappakstri eigi heimangengt.

3. Formenn dómnefnda

Nokkuð hefur miðað í að fá aðila til að sjá um formennsku á öllum Íslandsmeistarakeppnum í hverri grein og beðið er eftir endanlegum svörum frá nokkrum. Vonast er til að endanlegt fyrirkomulag liggi fyrir á fundi stjórnar 25. apríl.

4. Viðbragðsáætlun AKÍS vegna atvika og áfalla

Starfshópurinn sem fenginn var í málið í janúar hefur ekki lokið störfum. Stjórnin leggur áherslu á að þessari vinnu ljúki sem fyrst og er þess óskað að hópurinn upplýsi betur um stöðuna á fundi stjórnar 25. apríl og stefnt verði á að geta klárað málið á stjórnarfundum 2. maí.

5. Önnur mál

Erindi til sambandsins - TMP barst fyrir nokkrum dögum erindi sem varðar samskipti tveggja aðila sem hafa tengingu við akstursíþróttir og var óskað eftir að sambandið hlutaðist til um lausn deilunnar. TMP fór yfir helstu atriði sem hann var upplýstur um. Eftir að hafa skoðað málið og



ráðfært sig meðal annars við forsvarsfólk hjá ÍSÍ þá mun AKÍ ekki aðhafist neitt, þar sem ágreiningurinn virðist ekki snúast um málefni sem heyra undir sambandið.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn að Engjavegi 6 og á Zoom, þriðjudaginn 25. apríl kl. 19:30.
Fundi slitið kl. 20.54